

Fundur í stjórn foreldrafélags Álfasteins, haldinn 7. febrúar 2012 á Álfasteini.

Mætt: Jón Þór, Rachel, Ásdís, Andrea, Halla Björk og Hugrún.

1. Hugrún greindi frá því að Álfasteinn fær Heilsufánann afhentan í vor og langar hana að við gerum meira úr vorhátíðinni. Eitt foreldri á leikskólanum er að hanna nýtt logo fyrir leikskólann og er hugmyndin að prenta það á buff og gefa á vorhátíðinni. Hugrún lagði einnig til að vorhátíðin yrði færð fram um eina viku og yrði haldin föstudaginn 1. júní.

2. Hugrún ræddi um að starfsfólki leikskólans myndist að bæta þyrfti umgengni um forstofu leikskólans og lagði til að reglur yrðu sendar á foreldrahópinn. Stjórn foreldfélagsins var því samþykkt.

3. Hugrún greindi frá því að á fundi í fræðslunefnd hafi verið samþykkt að hafa starfsmannafundi tvisvar á önn eftir hádegi frá og með næsta hausti og leikskólinn lokaður þann hluta dags. Áður hafi starfsmannafundir verið eftir lokun leikskólanna eða frá kl. 17 til 19. Reynt verður að samræma starfsdaga og starfsmannafundi við starfsdaga í grunnskólanum.

4. Umræður um öskudaginn. Stjórn foreldrafélagsins sér um að kaupa sælgæti fyrir daginn og skipta í poka. Síðastliðin tvö ár hafa yngri börnin fengið aðeins öðruvísi sælgæti en þau eldri og teljum við það koma vel út. Rætt um að í pokana megi líka setja blöðrur.

5. Umræður um Bingó. Ásdís tók að sér að athuga hvort Vífilfell geti styrkt okkur um Svala og hún ætlar líka að tala við Helenu um að fá vinninga í Toysørus. Ákveðið að halda bingóið 18. febrúar kl. 11 og hittast á þriðjudaginn í næstu viku klukkan 16 í bakaríinu við Bónus til að skipuleggja bingóið enn frekar. Á þann fund verður Anna Guðrún boðuð en hún hefur bæði safnað vinningum, prentað út bingóspjöld og komið með margar hugmyndir að framkvæmdinni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.
Halla Björk ritaði fundargerð.